

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 76/2015****2016/EES/42/03****frá 30. apríl 2015****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/278 frá 18. febrúar 2015 um breytingu á ákvörðun 2010/221/ESB að því er varðar landsráðstafanir til að koma í veg fyrir að tilteknir lagardýrasjúkdómar berist til hluta Írlands, Finnlands og Bretlands <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

## ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í 94. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB) í hluta 4.2 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32015 D 0278**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/278 frá 18. febrúar 2015 (Stjtið. ESB L 47, 20.2.2015, bls. 22).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2015/278, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 47, 20.2.2015, bls. 22.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.